

Stjórnarfundur sundráðs ÍRB

22. september 2015

Mætt voru: Harpa, Steindór, Hilmar, Herdís, Guðný, Unnur, Árni, Guðrún Jóna, Gunnrún, Guðmunda, Anna

1. Ferð á mót í Lyngby í Danmörku.
Ákveðið hefur verið að fara í keppnisferð á Lyngby open sem haldið er 22. -24. Janúar 2016. Rætt um hvaða aldur ætti að fara á mótið, ákveðið að miða við sundmenn fædda 2003 og eldri sem ná lágmarkum. Rætt um gistimöguleika og ákveðið að gist verði á hóteli.
2. Speedomót ÍRB.
Tvö ný mót verða á dagskrá í vetur, Speedomót ÍRB, mótin verða haldin 31. Október og 6. Febrúar og eru fyrir sundmenn 12 ára og yngri. Öðrum liðum verður boðin þátttaka. Rætt um gistimöguleika og stungugjöld, ákveðið að þau verði svipuð og á Landsbankamótinu. Harpa tekur að sér að skrifa bréf til liða til að senda út og hefur samband við umsjónarmann laugarinnar um tímasetninguna, Hilmar finnur tilboð í mat og verðlaun, Anna finnur riðlaverðlaun.
3. Fréttir af formannafundi.
Helstu fréttir að AMÍ verður á Akranesi. Tvö lið sóttu um, Akranes og við. Mikið rætt um hvort aðstaðan á Akranesi væri nægilega góð fyrir mót eins og þetta.
4. Staða í hópum.
Biðlistar í yngstu hópa og staðan góð í öðrum hópum, mest laust í hópum sem eru milli yngstu og elstu. Ákveðið að ráða aðstoðarmanneskju með þjálfara yngstu hópa í Akurskóla og fjölga svolítið í þeim hópum til þess að minnka biðlista. . Vinavika verður haldin 5.-9. Okt en þá mega sundmenn taka vin með sér á æfingu.
5. Æfingaferð
Búið er að skoða marga möguleika og fækka valkostum niður í tvo, enn óvíst með flug á annan staðinn en ákvörðun verður tekin fljótlega.